

Skipulagsstjóri

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 19. júní 2015
UST201505-176/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Auðbrekkusvæðis í Kópavogi

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Auðbrekkusvæðis í Kópavogi.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að vinna á deiliskipulag fyrir svæðið frá Skeljabrekku í vestri, Nýbýlavegi til norðurs, Auðbrekku og göngustíg til austurs og Hamrabrekku til suðurs.

Yfirbragð og áskýnd


Í lýsingu kemur fram að við deiliskipulagsvinnu verði lögð áhersla á að nýta þær byggingar sem fyrir eru á svæðinu og byggja við og bæta núverandi hús í stað þess að rífa þau. Umhverfisstofnun telur slíka stefnu jákvæða og mikilvæga. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir að mikilvægt er að áskýnd svæðisins svæðið verði aðlaðandi, þ.e. að sjónræn áhrif verði jákvæð.


Hljóðvist

Umhverfisstofnun tekur undir að helstu umhverfisáhrif verði vegna aukinnar umferðar í og kringum svæðið. Umhverfisstofnun bendir mikilvægi þess að tekið verði tillit til hávaðamengunar frá Reykjanesbraut og Nýbýlavegi þegar íbúðir og leikskóli verða staðsett á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri